

Aðalfundur Völsungs

20.6.2024

Vallarhúsi

kl: 20:00

Mætt úr aðalstjórn: Bergur Jónmundsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Lilja Friðriksdóttir, Erla Bjarnadóttir, Sigvaldi Þór Einarsson, Ingvar Björn Guðlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson sem framkvæmdarstjóri.

Einnig eru mættir átta félagsmenn.

1. Formaður setur fundinn

Bergur Jónmundsson formaður aðalstjórnar Völsungs kemur upp, býður fundargesti velkomna og setur fundinn formlega.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Bergur kemur upp og leggur til að Linda Margrét Baldursdóttir verði fundarstjóri og Lilja Friðriksdóttir verði fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

Linda þakkar Bergi fyrir og tekur því næst við stjórn fundarins.

3. Skýrsla stjórnar

Jónas kemur upp og fer yfir skýrslu stjórnar.

Jónas bendir á að skýrslan stjórnar sé á borðum fundargesta en einnig að hún hafi verið birt á heimasíðu – og fésbókarsíðu félagsins.

4. Ársreikningar lagðir fram

Jónas Halldór framkvæmdastjóri kemur upp og fer yfir lykiltölur úr ársreikningi Völsungs. Ársreikningurinn var settur á heimasíðu félagsins fyrr í dag og er því aðgengilegur öllum félagsmönnum.

- Spurt er út í reikningana, æfingagjöld og laun og þjálfun. Mikill munur er á milli ákveðinna deilda, hvernig stendur á því?
Jónas svara því og segir tvennt í þessu, annars vegar að samþættingaverkefnið lækki æfingagjöldin og þau færast (lyklist) annarsstaðar og hins vegar séu laun að hækka.
- Spurt er út í efnahagsreikninginn, þá sérstaklega strandblakvöllinn sem blakdeildin á. Súrt að þessi völlur sé ekki tekinn til eigna og þetta sé ekki tilgreint, sérstaklega þar sem völlurinn stendur á leigulóð. Ef leigunni er sagt upp er mikilvægt að hafa þetta í bókhaldu svo völlurinn sé réttilega metinn. Aðalfundur felur aðalstjórn að skoða þetta mál betur og formfesta betur.

Ársreikningar eru samþykktir af öllum mættum félagsmönnum.

5. Lagabreytingar

Fyrir fundinum liggja lagabreytingar. ÍSí sendi bréf til félagsins þar sem gerðar voru athugasemdir við núverandi lög félagsins. Jónas Halldór kemur upp og leggur fram tillögur aðalstjórnar að lagabreytingum á greinum 4, 6, 13 og 21.

- Aðalfundur óskar eftir því að aðalstjórn skoði betur og móti sér vinnureglur, sér í lagi í kringum 6. grein og kynni á næsta aðalfundi.

Lagbreytingarnar eru samþykktar af öllum mættum félagsmönnum.

6. Árgjöld

Linda leggur fram tillögu stjórnar um að árgjald/félagsgjald verði það sama og í fyrra eða 4.500 kr. Öllum greiddum félagsgjöldum mun áfram fylgja félagskort sem veitir afslætti víðsvegar um bæinn. Til umræðu hefur verið í aðalstjórn að gera kortin rafræn.

Samþykkt samhljóða

7. Kosið í stjórn + endurskoðendur reikninga

Kosning í stjórn Völsungs.

Tillaga stjórnar:

Formaður: Bergur Jónmundsson

Samþykkt samhljóða.

Aðrir í stjórn: Erla Bjarnadóttir, Lilja Friðriksdóttir, Jóna Björg Pálmadóttir, Gunnólfur Sveinsson, Ingvar Björn Gunnlaugsson og Sigvaldi Þór Einarsson.

Stjórn aðalstjórnar er samþykkt samhljóða.

Aðalstjórn Völsungs leggur til að PWC verði endurskoðandi félagsins áfram.

Samþykkt samhljóða.

8. Starfsnefndir

Eftir aðalfund árið 2022 var stofnuð starfsnefnd sem ber heitið Sögunefnd Völsungs. Hlutverk nefndarinnar er að halda utan um ritun á 100 ára sögu félagsins. Á afmælisdegi félagsins 12. apríl 2024 var fyrsti áfangi í ritun á 100 ára sögu félagsins birtur á heimasíðu sögunnar sem má finna undir heimasíðu félagsins. Markmið Sögunefndar er að birta einn áfanga í einu á afmæli

félagsins ár hvert sem endar á að öll sagan verði gerð opinber á 100 ára afmæli félagsins. Ingólfur Freysson formaður sögunefndar kemur upp og fer yfir starfsemi nefndarinnar og hvað sé framundan.

9. Önnur mál

- Rætt um heimasíðuna og vinnu Sögunefndar. Mjög athyglisverð uppsetning og ánægja með vinnu Sögunefndar, hafsjór af fróðleik.
- Þakkað fyrir öflugt og gott íþróttastarf sem Völsungur stendur fyrir. Rætt um hvað illa okkur tekst að halda á lofti hversu öflugt starfið er.
- Rætt um umgengni á íþróttavöllum, þó til bóta.
- Spurt er út í afmælisnefnd fyrir 100 ára afmæli Völsungs. Ingólfur Freysson svarar þessari fyrirspurn þar sem hann situr í þessari nefnd og segir frá því hver staðan er.
- Rætt um hvort eldri Völsungar sem hafa áhuga á taki að sér ákveðin verkefni í kringum Völsung, stjórninni til stuðnings. Aðalstjórn er falið að finna eldri og miðaldra Völsungum verkefni.

Fundi slitið kl. 21:40